

hálfu gagnaðiljanna Huldu Ásgeirsdóttur, Arnbjarnar Óskarssonar og Sigfúsar Bjarnasonar er frestbeiðninni mótmælt.

Engin haldbær rök hafa verið færð fyrir frestbeiðninni, og verður hún því ekki tekin til greina.

Ályktarorð:

Umbeðinn frestur verður ekki veittur.

Mánudaginn 14. nóvember 1960.

Nr. 118/1960. **Arnbjörn Óskarsson og Sigfús Bjarnason**
(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Guðlaugi Einarssyni (sjálfur)

og

Hulda Ásgeirsdóttir

(Gústaf A. Sveinsson hrl.)

gegn

Guðlaugi Einarssyni og Axel Eyjólfssyni

(Guðlaugur Einarsson hdl.)

og

Axel Eyjólfsson

gegn

Huldu Ásgeirsdóttur, Arnbirni Óskarssyni og Sigfúsi Bjarnasyni.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Lárus Jóhannesson og Ármann Snævarr prófessor.

Uppboðsgerðum áfrýjað.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur Arnbjörn Óskarsson og Sigfús Bjarnason hafa skotið til Hæstaréttar með stefnu 29. júní 1960, að

fengnu áfrýjunarleyfi sama dag, uppboðsgerðum uppboðs-réttar Reykjavíkur frá 18. og 25. maí 1960. Krefjast þeir þess, að dómsathafnir þessar verði staðfestar og að stefnda, Guðlaugi Einarssyni, og gagnáfrýjanda, Axel Eyjólfssyni, verði in solidum gert að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi Hulda Ásgeirsdóttir hefur skotið greind-um uppboðsgerðum til Hæstaréttar með stefnu 7. júlí 1960, að fengnu áfrýjunarleyfi 29. júní sama ár. Krefst hún þess, að dómsathafnirnar verði staðfestar og að stefndi, Guð-laugur Einarsson, og gagnáfrýjandi, Axel Eyjólfsson, verði in solidum dæmdir til að greiða henni málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi, Axel Eyjólfsson, hefur áfrýjað hinum sömu uppboðsgerðum með stefnu 31. október 1960, að fengnu áfrýjunarleyfi 21. sama mán. Krefst hann þess, að uppboðs-gerðirnar verði dæmdar ógildar og að aðaláfrýjendunum, Arnbirni, Sigfúsi og Huldu, verði in solidum dæmt að greiða honum málskostnað hér fyrir dómi.

Vegna hjónaskilnaðar málsaðiljanna Axels og Huldu hef-ur skiptaréttur Reykjavíkur bú þeirra til skiptameðferðar. Gætir stefndi, Guðlaugur Einarsson héraðsdómslögmaður, hagsmuna eiginmannsins, en Gústaf A. Sveinsson hæstarétt-arlögmaður hagsmuna eiginkonunnar. Meðal eigna búsins var fasteignin nr. 7 við Skipholt í Reykjavík. Á skipta-fundi 16. marz 1960 krafðist stefndi, Guðlaugur Einarsson, þess, að nefnd fasteign verði auglýst og seld á opinberu uppboði. Tók skiptarétturinn kröfuna til greina, og fór opin-bert uppboð fram hinn 18. maí 1960. Voru ákvæði upp-boðsskilmála um greiðslu uppboðsandvirðis í samræmi við samkomulag, sem orðið hafði með nefndum umboðsmönn-um hjónanna í skiptarétti hinn 10. maí 1960.

Á uppboðsþingið komu gagnáfrýjandi, Axel, og stefndi, Guðlaugur. Af hálfu aðaláfrýjanda Huldu kom á uppboðs-þingið Gústaf A. Sveinsson. Lagði hann þar fram umboðs-skjal frá aðaláfrýjendunum Arnbirni og Sigfúsi, þar sem lögmanninum var veitt fullt og ótakmarkað umboð til að

gera boð í fasteignina fyrir þeirra hönd. Var umboðs þessa getið í þingbók og þingmerkt nr. 4. Á uppboðsþinginu var bókað:

„Uppboðið fór þannig fram:

Kr. 1.000.000.00 Guðlaugur Einarsson.

— 2.000.000.00 Gústaf A. Sveinsson.

Fleiri boð komu ekki í fasteignina.“

Uppboðshaldari samþykkti síðan á uppboðsþingi 25. maí 1960 boð Gústafs A. Sveinssonar fyrir hönd aðaláfrýjenda Arnbjarnar og Sigfúsar, enda fullnægðu þeir ákvæðum uppboðsskilmála.

Til stuðnings kröfu gagnáfrýjanda, Axels, um ógildingu uppboðsgerðanna hefur það eitt, sem málsástæða getur talið, komið fram af hans hendi, að hvorki hafi hann né umboðsmaður hans, Guðlaugur, séð á uppboðsþinginu 18. maí 1960 fyrrgreint umboð frá aðaláfrýjendunum Arnbirni og Sigfúsi til handa Gústaf A. Sveinssyni. Hafi þeir því litið svo á, að Gústaf hafi boðið í eignina fyrir sjálfs sín hönd. Málsástæða þessi er haldlaus þegar af þeirri ástæðu, að umboðsskjalið lá þingmerkt frammi á uppboðsþinginu og var getið í þingbók, sem þeir gagnáfrýjandi, Axel, og stefndi, Guðlaugur, undirrituðu. Áfrýjun af hálfu gagnáfrýjanda var því algerlega ófyrirsynju. Ber samkvæmt þessu að staðfesta hinar áfrýjuðu uppboðsgerðir eftir kröfu aðaláfrýjenda.

Stefndi, Guðlaugur, hafði upphaflega áfrýjað í sjálfs sín nafni oftnefndum uppboðsgerðum með stefnu 21. júní 1960. Stefndi hann m. a. aðaláfrýjendunum Arnbirni og Sigfúsi til að þola ógildingu uppboðsgerðanna og til greiðslu málskostnaðar og aðaláfrýjandanum Huldu til réttargæzlu. Í því máli gekk útvistardómur í Hæstarétti 31. október 1960. Stefna þessi gaf aðaláfrýjendunum ástæðu til áfrýjunar af sinni hálfu til staðfestingar, og var þeirri áfrýjun réttléga beint að stefnda, Guðlaugi. Samkvæmt þessu og úrslitum málsins að öðru leyti ber að dæma stefnda, Guðlaug, og gagnáfrýjanda, Axel, til að greiða in solidum málskostnað fyrir Hæstarétti, annars vegar aðaláfrýjendunum Arn-

birni og Sigfúsi, kr. 15.000.00, og hins vegar aðaláfrýjandanum Huldu, sömu fjárhæð.

Dómsorð:

Hinar áfrýjuðu uppboðsgerðir staðfestast.

Stefndi, Guðlaugur Einarsson, og gagnáfrýjandi, Axel Eyjólfsson, greiði in solidum málskostnað fyrir Hæstarétti, aðaláfrýjendunum Arnbirni Óskarssyni og Sigfúsi Bjarnasyni, kr. 15.000.00, og aðaláfrýjandanum Huldu Ásgeirsdóttur, kr. 15.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Uppboðsgerð uppboðsréttar Reykjavíkur 18. maí 1960.

Ár 1960, miðvikudaginn 18. maí, var uppboðsréttur Reykjavíkur settur í Skippholti 7 og haldinn af borgarfógeta Kristjáni Kristjánssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Að selja við opinbert uppboð húseignina nr. 7 við Skippholt, þingl. eigandi Axel Eyjólfsson, eftir ákvörðun skiptaréttar Reykjavíkur.

Uppboð þetta, sem haldið er vegna skipta á félagsbúi hjónanna Axels Eyjólfssonar og Huldu Ásgeirsdóttur, hefur verið auglýst í öllum dagblöðum bæjarins auk þess sem það hefur verið auglýst í Lögbirtingablaðinu með fullum 6 vikna fresti...

Af hálfu Huldu Ásgeirsdóttur er mættur Gústaf A. Sveinsson hrl. og leggur fram umboð, þingm. nr. 4, svohljóðandi...

Umboð þetta er gefið af Arnbirni Óskarssyni kpm. og Sigfúsi Bjarnasyni stórkaupmanni til þess meðal annars að mæta á uppboði þessu og bjóða í eignina fyrir þá.

Þá er einnig til staðar í réttinum Axel Eyjólfsson og með honum Guðlaugur Einarsson hdl. ...

Lesnir uppboðsskilmálar.

Uppboðið fór þannig fram:

Kr. 1.000.000.00 Guðlaugur Einarsson.

Kr. 2.000.000.00 Gústaf A. Sveinsson.

Fleiri boð komu ekki í eignina. Uppboðshaldari tók sér 14 daga frest til að taka ákvarðanir um boðin

Uppboðsgerð uppboðsréttar Reykjavíkur 25. maí 1960.

Ár 1960, miðvikudaginn 25. maí, var uppboðsréttur Reykjavíkur settur í Tjarnargötu 4 og haldinn af borgarfógeta Kristjáni Kristjánssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Að taka til athugunar boð þau, er komu í húseignina nr. 7 við Skipholt, hér í bænum, eign Huldu og Axels Eyjólfssonar, á uppboði, sem fram fór 18. þ. m.

Hæstbjóðandi í eignina var Gústaf A. Sveinsson hrl. f. h. Sigfúsar Bjarnasonar stórkaupmanns og Arnbjörns Óskarssonar kaupmanns, og bauð hann kr. 2.000.000.00. Í réttinum er nú mættur Sigfús Bjarnason og með honum Gústaf A. Sveinsson hrl.

Mættur Sigfús greiðir nú í réttinum áfallinn kostnað við uppboðið svo og $\frac{1}{4}$ uppboðsverðs, auk þess sem kaupendur taka að sér að greiða eftirstöðvar af 1. veðréttarláni, kr. 20.000.00, miðað við 1. júní 1960. Er boð kaupenda hér með samþykkt, og njóta þeir arðs eignarinnar frá þessum tíma, enda greiði þeir almenna bankavexti af eftirstöðvum kaupverðsins, þar til það er að fullu greitt...

Mánudaginn 14. nóvember 1960.

Nr. 38/1958. **Ákærvaldið** (Einar B. Guðmundsson hrl.)
gegn

William George Hardie
(Ágúst Fjeldsted hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ákæra um fiskveiðibrot.

Dómur Hæstaréttar.

Ákæra í máli þessu er reist á staðarákvörðunum, sem yfirmenn varðskipsins Þórs framkvæmdu með ratsjá hinn 15. desember 1957, eins og í héraðsdómi greinir. Lagði héraðsdómur miðanir og mælingar varðskipsmanna til grundvallar án athugunar á nákvæmni þeirra. Er greindar staðarákvarðanir voru framkvæmdar, var varðskipið búið tveimur ratsjám af Kelvin Hughes og Decca gerð, en eigi er í ljós leitt, hvora ratsjána varðskipsmenn notuðu.